


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 1 af 4	<b>Afbrigðasálfræði (SÁLF3GG05)</b>	
	<b>Námsáætlun (Haustönn 2019)</b>	

<b>Kennari</b>	Kristjana Pálsdóttir	<b>Sk.st.</b>	KPÁ
	Birna Guðrún Árnadóttir (kennaranemi).		

### Áfangalýsing:

Helstu umfjöllunarefni áfangans eru geðheilbrigði, geðrækt og algengustu flokkar geðrænna raskana. Fjallað verður um orsakir þeirra, tíðni, einkenni og meðferðarúrræði. Lögð er áhersla á að nemendur átti sig á samspili líkamlegra og andlegra þátta í tengslum við geðheilbrigði og þróun geðraskana. Nemendur kynnst leiðum til að verjast streitu og taka á afleiðingum hennar. Leitast verður við að draga úr ranghugmyndum og fordómum um fólk með geðraskanir. Áhersla á að auka víðsýni nemanda, rökhusun, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

### Markmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu kenningum og hugtökum sálfræðinnar um einstaklingsmun og frávíkshögðun
- Geðröskunum, orsökum þeirra, einkennum og afleiðingum
- Leiðum til þess að draga úr kvíða og streitu og til að viðhalda góðri geðheilsu
- Geðheilbrigðiskerfinu
- Aðstæðum fólks með geðraskanir
- Staðalímyndum tengdum geðröskunum og fordómum tengdum fólki með geðraskanir

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í því að:


- Beita skapandi hugsun við lausnarmiðað nám
- Velja milli kenninga og aðferða við lausn verkefna
- Miðla fræðilegu efni skýrt, í ræðu og riti
- Vinna sjálfstætt og með samnemendum að því að kynna sér, draga saman og kynna fyrir öðrum sálfræðilega umfjöllun um geðraskanir

#### Nemandi skal geta hagnýtt þátt almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Afla upplýsinga greina þær og setja í samhengi
- Nýta fræðilegan texta á íslensku og á erlendu tungumáli
- Leita að upplýsingum, leggja mat á þær og greina mikilvægustu atriði þeirra
- Nálgast verkefni á faglegan og sjálfstæðan hátt
- Móta eigin aðstæður með það að markmiði að stuðla að eigin geðheilbrigði
- Vekja aðra til umhugsunar um aðstæður fólks sem er með geðraskanir og vinna gegna fordómum gagnvart þeim
- Setja fram nákvæmar röksemdir fyrir skoðunum sínum


### Námsgögn:

Sálfræði daglegs lífs eftir Lilju Ósk Úlfarsdóttur og Valgerði Ólafsdóttir, 1. útgáfa 2017. Efni frá kennara, aðgengilegt á INNU.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 4		
<b>Afbrigðasálfræði (SÁLF3GG05)</b>		
<b>Námsáætlun (Haustönn 2019)</b>		

### Áætlun um yfirferð:

Vika	Dagsetning	Viðfangsefni	Námsefni	Verkefnaskil
34	18. - 24. ágúst	Kynning á áfanga - hvað er heilbrigði?	Efni frá kennara	
35	25. - 31. ágúst	Geðheilsa	1. kafli SDL	
36	1. - 7. september	Áhrifaþættir geðheilsu: Frestun og núvitund	2 og 3. kafli SDL	
37	8. - 14. september	Áhrifaþættir geðheilsu: Hreyfing	Efni frá kennara	
38	15. - 21. september	Áhrifaþættir geðheilsu: Svefn	4. kafli SDL	
39	22. - 28. september	Áhrifaþættir geðheilsu: Streita	Efni frá kennara 5. kafli SDL	Skila vinnubók
40	29. sept – 5. október	Geðraskanir: Lyndisraskanir	Efni frá kennara á Innu	Geðheilsueflingarverkefni
41	6. - 12. október	Geðraskanir: Lyndisraskanir	Efni frá kennara á Innu	Skila lyndisraskanverkefni
42	13. - 19. október	Geðraskanir: Kvíðaraskanir	Efni frá kennara á Innu	
43	20. - 26. október	Geðraskanir: Geðklofi	Efni frá kennara á Innu	
44	27. - október – 2. nóvember	Geðraskanir: Persónuleikaraskanir	Efni frá kennara á Innu  Kaflar 10 og 11 í SDL	Fyrri skil ritgerðar
45	3. - 9. nóvember	Meðferð og bjargráð	HAM meðferðarhandbók Reykjalundar – tengill á Innu	Viðtöl v/ritgerðar
46	10. - 16. nóvember	Meðferð og bjargráð Kynningar	HAM meðferðarhandbók Reykjalundar – tengill á	

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>  <b>Afbrigðasálfræði (SÁLF3GG05)</b> <b>Námsáætlun (Haustönn 2019)</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4		


			Innu	
47	17. - 23. nóvember	Kynningar - samantekt		Seinni skil ritgerðar
48	24. - 30. nóvember	Heilsusálfræði verkefni	Samvinnuverkefni með félagsvísindaensku	
49	1. - .6. desember	Heilsusálfræði verkefni - kynningar	Samvinnuverkefni með félagsvísindaensku Upprifjun fyrir próf	Skila samvinnuverkefni

### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Lokapróf	Próf úr öllu efni áfangans, tekið í lok annar.	30%	
Tímaverkefni/ vinnubók	Virkni og verkefnaskil nemenda yfir önnina.	15%	
Hópverkefni og kynning	Geðheilsueflingarverkefni unnið út frá áhrifaþáttum geðheilsu.	10%	
Ritun	Fyrri skil ritgerðar úr völdu efni	5%	
Ritun	Seinni skil ritgerðar úr völdu efni	20%	
Verkefni	Verkefni úr efni um lyndisraskanir	10%	
Samvinnuverkefni	Samvinnuverkefni með félagsvísindaensku	10%	
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	
<p><b>Annað:</b> Nemendur þurfa að skila öllum verkefnum (einnig öllum tímverkefnum) til þess að öðlast próftökurétt. Nemendur þurfa að fá 4 í einkunn á lokaprófi til þess að vetrareinkunn gildi.</p>			


Kennsluvefur Innu verður notaður til þess að halda utan um námsefni, einkunnir, markmið og annað slíkt

**Nemendur bera sjálfir ábyrgð á námi sínu og leggur kennari áherslu á að þeir sýni sjálfstæði, ábyrgð, samviskusemi og sjálfsstjórn þegar kemur að verkefnaskilum, vinnu í kennslustundum og undirbúningi fyrir lokapróf.**

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 4 af 4		
Samþykkt: SHJ	<b>Afbrigðasálfræði (SÁLF3GG05)</b> <b>Námsáætlun (Haustönn 2019)</b>	

Athugið að áætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 20.08.2019

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils